

Fundargerð 80. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 22. maí kl. 08:30 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2023 - 2401001SU**
Ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga vegna ársins 2023 lagður fram til staðfestingar.
Ársreikningur vegna 2023 er staðfestur af stjórn og vísað til skoðunarmanna og að því loknu til afgreiðslu aðalfundar sem haldinn verður haustið 2024.
- 2. Kynnisferð stjórnar til Færeyja - 2405001SU**
Formaður gerði grein fyrir hugmynd að kynnisferð stjórnar til Færeyja 16.-18. september 2024.
Stjórn samþykkir tillöguna og felur formanni og starfsmanni að hefja undirbúning
- 3. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl. - 2404003SU**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. apríl 2024, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.). 830. mál.
Stjórn tekur undir umsögn Hafnasambands Íslands og ítrekar nauðsyn þess að áðurnefndar breytingar verði afgreiddar á núverandi þingi.
- 4. Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi - 2312002SU**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 8. maí 2024, um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál.
Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga tekur undir umsögn sambandsins um frumvarp til laga um lagareldi og leggur jafnframt áherslu á að gott samráð sé haft við sveitarfélög þar sem fiskeldi er.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir miklum áhyggjum á að ekki sé búið að samþykkja Samgögnuáætlun. Leggur stjórn jafnframt áherslu á að lokið verði við samþykkt samgönguáætlunar á núverandi þingi og þá sérstaklega þeim kafla sem snýr að hafnargerð.

Fundi var slitið kl. 09:00